

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/360

komudagur 28.11.2003

Öldugötu 2

Pósthólfí 536 • 121 Reykjavík

Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101

Netfang: nsa@bahai.is

Heimasíða: www.bahai.is

Reykjavík 25. nóvember, 2003

Allsherjamefnd Alþingis

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá i tilefni aldarafmælis heimastjórnar (þskj. 3 – 3. mál, 130. löggjafarþings). Hér er að finna umsögn þjóðarráðsins um framsal á valdi til alþjóðastofnana og samband ríkis og kirkju.

FRAMSAL Á VALDI TIL ALÞJÓÐASTOFNANA

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi telur eðlilegt að sú nefnd sem lagt er til að geri tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins vinni tillögur um heimild til framsals á valdi til alþjóðastofnana. Að mati þjóðarráðsins er full ástæða til þess að slíkt ákvæði verði felld inn í stjórnarskrá. Mörg mikilvægustu úrlausnarefni samtímans eru þess eðlis að á þeim verður einungis tekið með samstilltu átaki allra þjóða heims. Alþjóðastofnanir ná hins vegar ekki árangri án þess að hafa til þess óskorað umboð. Slíkt kallar á framsal á hluta þess valds sem í dag er bundið við þjóðríki. Með því að fela alþjóðlegum stofnunum slíkt vald er unnt að bæta hag íbúa jarðar og stuðlað að framförum sem ekki eru mögulegar með öðrum hætti. Það er hins vegar eðlilegt að slíkt heimildarákvæði feli í sér leiðsögn til Alþingis um það hvernig því skuli beitt og í hvaða tilgangi.

SAMBAND RÍKIS OG KIRKJU

Þjóðarráðið fagnar því að lagarammi trúariðkunar landsmanna sé tekinn til umfjöllunar á Alþingi enda er mikilvægt að standa vörð um ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins um trúfrelsi og tryggja að löggjöf stuðli að því markmiði.

Postal Address:
P.O. Box 536
IS - 121 Reykjavík
ICELAND

Office Location:
Öldugötu 2
101 Reykjavík

Telephone:
(354) 567-0344

Fax:
(354) 567-1101

E-mail:
nsa@bahai.is

Website:
www.bahai.is

Þjóðarráðið telur ekki rétt að taka afstöðu til þess hvort nú sé rétti tíminn til þess að stíga til fulls það skref að skilja að ríki og kirkju. Það þarf að skoða í víðara samhengi og kanna hversu vel núverandi lagarammi um trúariðkun landsmanna fellur að fjölmenningarlegu samfélagi samtímans. Íslensk löggjöf þarf að taka fullt tillit til þess að Íslendingar eru ekki allir meðlimir í þjóðkirkjunni og að margir þeirra leita til eigin trúfélags um mikilvæga þjónustu á lykilstundum í lífinu svo sem við nafngift, hjúskap og greftranir.

Ýmis lög eru við það miðuð að allir þegar þessa lands tilheyri þjóðkirkjunni. Einnig hefur gætt tilhneigingar til þess að ganga út frá því að trúfélögum utan þjóðkirkjunnar sviði til hennar hvað innra skipulag varðar. Þannig er þess krafist í lögum um skráð trúfélög sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 1999 að trúfélög sem æskja skráningar útnefni forstöðumann. Slíkt samræmist ekki innra skipulagi bahá'í samfélagsins eins og þjóðarráðið benti allsherjarnefnd á þegar frumvarpið var til umfjöllunar. Hvað þetta mál varðar sérstaklega skal þó tekið fram að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur sýnt sérstöðu bahá'í samfélagsins mikinn skilning og fundið tímabundna lausn sem tekur á þessum vanda við framkvæmd laganna.

Að lokum vill þjóðarráðið undirstrika mikilvægi þeirrar samfélags þjónustu sem þjóðkirkjan og önnur trúfélög veita. Trúfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna við þróun íslensks samfélags og því skiptir miklu að vel sé vandað til endurskoðunar á lagalegri umgjörð um starfsemi þeirra svo tryggja megi almannahag til framtíðar. Brýnt er að ákvæðum aðalnámskrár um almenna trúfræðslu sé framfylgt. Einnig er mikilvægt að Háskóli Íslands efla rannsókn- og fræðslustarf um trúarbrögð og að það starf fái sjálfstæði frá þeirri þjónustu sem Háskólinn veitir þjóðkirkjunni við menntun presta kirkjunnar.

Með vinsemd og virðingu



Ingibjörg Daníelsdóttir

Ritari Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi